

Reykjavík 21. mars 2017

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. (Þingskjal 141 — 84. mál.)

(Lagt fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016–2017)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi styðja frumvarp þetta um að heimila foreldrum, sem búa fjarri fæðingarhjálp, að hefja töku á fæðingarorlofi eða fæðingarstyrk fyrir áætlaðan fæðingardag. Samtökin vilja þó benda á misræmi í orðalagi ákvæðanna, annars vegar er lagt til að foreldrum verði heimilað að hefja töku fæðingarorlofs þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag og hins vegar að hefja töku fæðingarstyrks í mánuðinum fyrir áætlaðan fæðingardag. Hver er skýringin á því að mismunandi tímamörk eru höfð um fæðingarorlof annars vegar og fæðingarstyrk hins vegar? Mikilvægt er að skýra þennan mismun í athugasemdum í greinargerð.

Samtökin leggja áherslu á að samkvæmt Barnasáttmálanum má ekki mismuna börnum á grundvelli stöðu foreldra þeirra. Börn og foreldrar þeirra þurfa að njóta sambærilegs aðgengis að fæðingarhjálp svo að þau sem búa fjarri fæðingarhjálp búi ekki við minna öryggi við fæðingu en börn sem búa í þéttbýli.

Þess má geta að þær röksemdir sem færðar eru fram í greinargerð til stuðnings því að foreldrum verði gert kleift að hefja töku foreldraorlofs fyrr og njóta þess lengur en aðrir vegna fjarlægðar frá fæðingarstað, má að mati Barnaheilla nýta til að rökstyðja rétt barna sem aðeins eiga eitt foreldri til að njóta samvista við foreldri sitt jafnlengi og þau börn sem eiga tvö foreldri. Því eins og Barnaheill hafa bent á áður í umsögn sinni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingarorlof, frá 9. febrúar 2017 er mikilvægt að einstæð foreldri geti verið jafnlengi í fæðingarorlofi með barni sínu eins og foreldrar sem eru tveir. Að barn njóti þess að hafa foreldri sitt jafn lengi heima í fæðingarorlofi hvort sem það á eitt eða tvö foreldri.

Barnaheill minna á rétt barna til bestu mögulegu lífsskilyrða án mismununar eins og hann birtist í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt honum ber að tryggja börnum sérstakt öryggi og vernd og að þau njóti jafnræðis. Liður í því er að tryggja öllum börnum bestu mögulegu lífsskilyrði frá fæðingu.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri